

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2017, föstudaginn 24. febrúar, var haldinn 371. fundur í stjórn Sorpu bs. á skrifstofu byggðasamlagsins. Mættir: Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir varamaður Seltjarnarness og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins undir lið 1 voru Þorgils Óttar Mathisen, Hrafnhildur Helgadóttir frá KPMG og Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson frá endurskoðunarnefnd SORPU bs. Undir lið 2 voru gestir fundarins Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson frá endurskoðunarnefnd SORPU bs.

Tekið fyrir:

1. Ársreikningur 2016
Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að ársreikningi fyrir árið 2016. Helstu niðurstöður eru að hagnaður fyrir fjármunatekjur og gjöld eru 401 milljón en hagnaður með fjármagnsliðum er tæpar 418 milljónir. Eignir samtals í árslok voru 3.233 milljónir. Framkvæmdastjóri kynnir einnig samanburð rekstrar og áætlunar. Rekstur endurvinnslustöðvanna var þungur á síðasta ári eins og árið 2015, aðallega vegna magnaukningar og meiri umferðar. Niðurstaðan er skuld sveitarfélaganna við SORPU vegna reksturs endurvinnslustöðvanna árið 2016 upp á kr. 167.920.170. Sú niðurstaða er nokkuð samhljóða endurreiknaðri áætlun vegna endurvinnslustöðvanna sem send var eigendum 31. maí 2016 er áætlaði skuldina 142 milljónir um áramót. Framkvæmdastjóri kynnir minnisblað dagsett 24.2.2017 vegna uppgjors endurvinnslustöðvanna. Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að fyrirkomulagi uppgjors sveitarfélaganna. Þorgils Óttar Mathisen og Hrafnhildur Helgadóttir kynntu áritun endurskoðanda og endurskoðunarskýrslu KPMG um endurskoðunina. Ólafur Kristinsson og Ingvar Garðarsson frá endurskoðunarnefnd SORPU kynntu bréf endurskoðunarnefndar dagsett 23.2.2017. Stjórn samþykkir ársreikning 2016 og undirritar hann.
2. Innri endurskoðun – tillaga að verkefni Málið rætt.
3. Úrskurður úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál vegna útgáfu starfsleyfis fyrir urðun í Álfsnesi
Lagður fram úrskurður í máli nr. 107/2014 þar sem útgáfa starfsleyfis Umhverfisstofnunar vegna urðunar í Álfsnesi sem gefið var út 21. ágúst 2014 er felld úr gildi. Framkvæmdastjóri upplýsir að erindi hafi verið sent Umhverfissráðuneyti um undanþágu frá starfsleyfi.

Bókun fulltrúa Mosfellsbæjar:

Mosfellsbær leggur áherslu á að farið verði eftir ákvæðum eigendasamkomulags SORPU sem undirritað var af öllum fulltrúum sveitarfélaganna á árinu 2013. Bent er á að þar er samþykkt að urðun verði hætt í Álfsnesi ekki seinna en á árinu 2018. Sorpurun í Álfsnesi er íþyngjandi fyrir íbúabyggð í Mosfellsbæ og nauðsynlegt er að fundinn verði nýr urðunarstaður hið fyrsta.

4. Lyktarkvartanir/Rein 20 í Álfsnesi
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur fóru yfir hönnun og framkvæmd á rein 20.
5. Gas- og jarðgerðarstöð – framvinda
Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað dagsett 24.2.2017 þar sem lagt er til að:

„Að settur verði á stofn rýnihópur innan SORPU sem hafi það hlutverk að hafa faglegt og fjárhagslegt eftirlit með framkvæmdum vegna G&J. Hópurinn hittist einu sinni í mánuði og fari yfir framvindu verksins og skili af sér framvinduskýrslu sem kynnt sé stjórn. Hópurinn komi með ábendingar um hvernig bregðast skuli við ófyrirséðum atvikum, kostnaður stefni í óefni o.s.frv., sé n.k. ráðgefandi eftirlitsaðili. Lagt er til að eftirfarandi skipi þennan rýnihóp:

Framkvæmdastjóri
Einn aðili úr stjórn; Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Einn aðili úr hópi tæknimanna sveitarfélaganna sem framkvæmdastjóri kannar með
Einn utanaðkomandi ráðgjafi; Björn Jóhann Björnsson, verkfræðistofunni Stuðli
Verkefnisstjóri G&J; Sveinn Fjeldsted“

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra.

6. Ósk Sorpstöðvar suðurlands um framlengingu samnings Málínu frestað.
7. Málefni endurvinnslustöðva – Ný stöð á norðursvæði
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu og leggur fram minnisblað dagsett 24.2.2017 um byggingu endurvinnslustöðvar á norðursvæði höfuðborgarsvæðisins. Málið rætt.
8. Dómur hæstaréttar í máli SORPU gegn Samkeppniseftirlitinu
Niðurstaða Hæstaréttar í máli SORPU bs. gegn Samkeppniseftirlitinu lögð fram.
9. Niðurstaða neyslukönnunar Gallup
Málínu frestað.
10. Kynning á rýnifundargerð stjórnenda
Frestað til næsta fundar.
11. Næsti fundur
Næsti fundur stjórnar SORPU verður 24. mars kl. 10:00

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:15

Halldór Auðar Svansson
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Björn H. Halldórsson

Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson
Rósa Guðbjartsdóttir
Bjarni Hjarðar